

*Fundur mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs 24. febrúar 2022: Fyrirspurn fulltrúa  
Flokks fólksins um ágang nággranna - MSS22020268*

Hvaða úrræði hefur Reykjavíkurborg til að styðja við íbúa borgarinnar sem verða fyrir óeðlilegum ágangi/áreitni nággranna? Sem dæmi, ef nággranni breytir einbýlishúsi í sérbýlishverfi í fjölbýlishús án tilskilinna leyfa frá borginni, og leigir út. Afleiðingar m.a. aukin bílafloði í götunni sem yfirtekur m.a. gestastæði og leggur ólöglega við önnur hús. Dómstefna og málaferli eingöngu í þeim tilgangi á hrella íbúa ásamt hótunarbréfum. Hér er um raunverulegt tilfalli að ræða, því er þessi fyrirspurn lögð fyrir þar sem mannréttindi þeirra sem hafa orðið fyrir slíkum ágangi eru virt að vettugi. Hefur borgin einhver úrræði fyrir fórnarlömb slíkra árása svo þeim verði gert kleift að búa óáreitt í sínum hýbýlum? MSS22020268